

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT.

Breytingar á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem samþykktar voru í Cardiff 19. maí 1999, öðluðust gildi 28. nóvember 2002, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 29/2000 þar sem samningurinn með umræddum breytingum er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

31. desember 2002

Nr. 49

AUGLÝSING

um niðurfellingu tvísköttunarsamnings milli Íslands og Lúxemborgar varðandi tekjur og eignir loftferðafyrirtækja.

Hinn 1. janúar 2002 féll niður samningur milli lýðveldisins Íslands og stórhertogadæmisins Lúxemborgar til þess að komast hjá tvísköttun á tekjur og eignir loftferðafyrirtækja sem gerður var í Lúxemborg 29. apríl 1975, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1976 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

31. desember 2002

Nr. 50

AUGLÝSING

um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Mexíkó.

Sameiginleg nefnd EFTA og Mexíkó tók á árinu 2002 eftirfarandi ákvarðanir um breytingar á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Mexíkó frá 27. nóvember 2001, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 29/2001, og öðlast þær gildi sem hér segir:

Nr.	Dags.	Efni	Gildistaka
1/2002	22.10.2002	Starfsreglur	22.10.2002
2/2002	22.10.2002	Tæknileg aðlögun að I. viðauka	01.01.2003
3/2002	22.10.2002	Staðlaðar starfsreglur gerðardómsins	22.10. 2002

Breytingarnar liggja frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að þeim. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.